

Alþingi
Erindi nr. P 137/228
komudagur 16.6.2009

Alþingi
2009
Utánríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 15.júní

Efni:


Varðandi „Tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, þingskjal 38”, og „Tillögu til þingsályktunar um undirbúning aðildar að Evrópusambandinu, þingskjal 54”.

Ég vil leggja það til við Alþingi Íslendinga að það hafni ofangreindum þingsályktunartillögum þar sem ég tel að mjólkuriðnaði á Íslandi sé í hættu stefnt sem og hagsmunum heillar þjóðar.

Rök sem ég færi fyrir því er að við frjálsan og óheftan innflutning má búast við minnkandi markaðshlutdeild um 25 til 50% á íslenskum mjólkurvörum. Alls er óvíst hvort að framleiðsla minnki að sama magni hjá öllum mjólkurframleiðendum, heldur má búast við að mjólkurframleiðsla muni leggjast af á stórum svæðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á framtíðarbúsetu þeirra svæða, sem og afkomu margra fjölskyldna sem að mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði kemur. Hætt er við að þau gæði og sá orðstír sem íslenskur mjólkuriðnaðurinn hefur skapað sér í gegnum áratuga reynslu, rannsóknavinnu, menntun og þjálfun starfólks verði að engu, því gera má ráð fyrir því að smásölukeðjurnar sjái sjálfar um innflutninginn á erlendum mjólkurvörum og geti því í framhaldi af krafti stærðar sinnar, stjórnað því hvernig framleiðsla á íslenskum mjólkurvörum verði stunduð hér á landi til frambúðar.

Ég tel það nauðsyn að fyrir liggi heilstætt mat á hagsmunum íslensku þjóðarinnar áður en að sótt er um aðild að ESB, því frjáls og óheftur innflutningur mun hafa mikil og ófyrirsjáanleg áhrif á íslenskt atvinnulíf og engin víska er fyrir því að þau áhrif verði afturkræf og afleiðingarnar er ómögulegt að meta.

Þess vegna vil ég ítreka það við Alþingi Íslendinga að hafna umræddum þingsályktunartillögum.



Guðni Hannes Guðmundsson

Kt: 201072-3529

Mjólkurfræðingur og ostagerðarmaður

Drekagili 24

603 Akureyri